



# BYGGINGASKILMÁLAR

## fyrir frístundahús innan marka þjóðgarðsins á Þingvöllum<sup>1</sup>

### 1:1 FRÍSTUNDAHÚS - leyfisveitingar

Land þjóðgarðsins, jarðmyndanir og gróður innan þjóðgarðsins er friðað í því skyni að varðveita ásýnd þess sem helgistaðar þjóðarinnar og til að viðhalda eins og kostur er hinu upprunalega náttúrufari sbr. ákvæði laga nr. 47/2004 um þjóðgarðinn á Þingvöllum.

Ekki eru veitt leyfi til byggingar nýrra frístundahúsa innan marka þjóðgarðsins á Þingvöllum. Þingvallanefnd getur þó veitt undanþágu í sérstökum tilvikum.

Heimilt er að viðhalda þeim byggingum sem eru fyrir eru á lóðum innan þjóðgarðsins.

Afla þarf leyfis Þingvallanefndar fyrir öllum framkvæmdum, þ.m.t. viðhaldi og breytingum á byggingum, innan þjóðgarðsins sbr. ákvæði 5. Gr. laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum nr. 47/2004.

Umsóknir um byggingarleyfi skal senda til byggingaryfirvalda Bláskógabyggðar sem annast öll samskipti við Þingvallanefnd og aflar leyfis nefndarinnar.

Allar framkvæmdir innan þjóðgarðsins skulu uppfylla ákvæði laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum nr. 47/2004 og reglugerðar um þjóðgarðinn á Þingvöllum nr. 848/2005.

Byggingar skulu í hvívetna vera í samræmi við ákvæði gildandi laga og stjórnvaldsfyrirmæla þar að lútandi á hverjum tíma, þ.m.t. byggingarskilmála Bláskógabyggðar.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er á vatnsverndarsvæði sem heyrir undir eftirlit Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Óheimilt er að gera nokkuð það sem getur spilt eða mengað vatn innan þjóðgarðarins, bæði vatn á yfirborði og grunnvatn sbr. ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og reglugerð nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns.

### 1:2 HÚSAGERÐ

Byggingar/viðbyggingar skulu vera úr léttum efnum. Byggingar skulu hannaðar með það í huga að auðvelt sé að flytja þær á brott. Jafnframt skal hugað að því að uppsetning

<sup>1</sup> Samþykktir á 373. fundi Þingvallanefndar 17. nóvember 2010.

bygginga valdi sem minnstu raski á jarðvegi innan þjóðgarðsins. Við flutning á byggingarefni skal hugað að því að slíkt valdi sem minnstu raski og óþægindum fyrir gesti þjóðgarðsins.

Öll umferð stórvirkra vinnuvéla, flutningabíla, þ.m.t. þyrlna er óheimil nema með sérstöku samþykki Þingvallanefndar.

Óheimilt er að byggja úr steinsteypu eða öðrum sambærilegum efnum, undirstöður skulu þó vera steyptar.

Samanlagður grunnflötur bygginga á lóð má ekki nema meira en 90 m<sup>2</sup>.

Heimilt er að hafa svefnloft í byggingum innan þjóðgarðsins. Flatarmál svefnlofts má ekki nema meira en 1/3 af gólfleti jarðhæðar.

Hámarkshæð mænis er 5 metrar frá grunnfleti.

Við lagfæringar, viðhald og/eða breytingar á eldri áður samþykktum byggingum skal bygging og/eða byggingar ekki verða að grunnfleti stærri en sem nemur heildargrunnfleti eldri bygginga á hverri lóð.

Litir bygginga skulu vera í jarðlitum.

### **1:3 SÓLPALLAR, SKJÓLVEGGIR, HEITIR POTTAR/LAUGAR**

Sólpallar skulu vera úr timbri og innan við 50 m<sup>2</sup>.

Skjólveggir skulu vera úr timbri. Hæð skjólveggja við byggingar skal að hámarki vera 100 cm. og 15 m á lengd.

Öll umgengni um heita potta/laugar og meðferð hreinsiefna/spilliefna og á heitu vatni, skal uppfylla laga og reglugerða þar að lútandi á hverjum tíma. Vísast til ákvæða reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns og nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

### **1:4 ALMENN ATRIDI**

Ekki má framkvæma neitt sem hindrar umferð gangandi fólks meðfram Þingvallavatni.

Óheimilt er að reisa bátaskýli og bryggjur á eða við lóð.

Rafmagnslýsing er heimil á og við byggingar. Gæta skal þess að raflýsing útisvæða trufli ekki nágretta eða gesti þjóðgarðsins og skal ljósum að jafnaði beint niður að jörðu.

Óheimilt er að setja upp aðrar merkingar á/við lóðarmörk eða innkeyrslu að frístundahúsi en heiti lóðar eða nafn bústaðar.

Ekki er heimilt að leggja rafmagn í frístundahús í landi Gjábakka.